



Minjastofnun
Íslands

Leiðbeiningar með umsóknareyðublaði um útflutning menningarminja

Málsnúmer: Númer í skjalavistunarkerfi Minjastofnunar (fyllist út af stofnuninni)

Dagsetning umsóknar: dagur sem umsókn er send til Minjastofnunar

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn einstaklings, stofnunar, fyrirtækis: Nafn þess aðila sem sækir um leyfi, ef um einstakling er að ræða þarf ekki að fylla í næstu tvo reiti.

Tengiliður stofnunar/fyrirtækis: ef um stofnun eða fyrirtæki er að ræða þarf að skrá einhvern einstakling sem tengilið.

Annar tengiliður stofnunar/fyrirtækis: ef fleiri en einn koma að umsókninni á vegum stofnunar/fyrirtækis

Heimilisfang (gata, póstnúmer, staður): Heimilisfang þess aðila sem skráður er sem umsækjandi

Kennitala: Kennitala þess aðila sem skráður er sem umsækjandi

Sími: Sími umsækjanda eða tengiliðs

Farsími: Sími umsækjanda (einstaklings) eða tengiliðs

Netfang: Netfang umsækjanda eða tengiliðs

Vefslóð: Heimasíða umsækjanda (ef hún er til staðar)

Upplýsingar um þann aðila sem mun hafa menningarminjarnar í sinni vörslu erlendis ef annar en umsækjandi

Nafn einstaklings, stofnunar, fyrirtækis: Nafn þess aðila sem mun hafa menningarminjarnar í sinni vörslu erlendis. Ef um einstakling er að ræða þarf ekki að fylla í næstu tvo reiti.

Tengiliður stofnunar/fyrirtækis: ef um stofnun eða fyrirtæki er að ræða þarf að skrá einhvern einstakling sem tengilið.

Annar tengiliður stofnunar/fyrirtækis: ef fleiri en einn koma að vörslu menningarminjanna á vegum stofnunar/fyrirtækis

Heimilisfang (gata, póstnúmer, staður): Heimilisfang þess aðila sem skráður er (einstaklingur, stofnun, fyrirtæki) sem vörsluhafi menningarverðmæta erlendis

Kennitala: Kennitala þess aðila sem skráður er (einstaklingur, stofnun, fyrirtæki) vörsluhafi menningarverðmæta erlendis

Sími: Sími vörsluhafa menningarminja erlendis eða tengiliðs

Farsími: Sími vörsluhafa menningarminja erlendis (einstaklings) eða tengiliðs



Minjastofnun
Íslands

Netfang: Netfang vörsluhafa menningarminja erlendis eða tengiliðs

Vefslóð: Heimasiða vörsluhafa menningarminja erlendis (ef hún er til staðar)

Aðrir staðir sem menningarminjarnar verða geymd á: Ef geyma á menningarverðmætin á fleiri en einum stað erlendis skal skrá aðra geymslustaði hér.

Ástæður fyrirhugaðs útlutnings menningarminja

Hér skal merkt við það sem við á.

Safnnúmer/rannsóknarnúmer: Ef um er að ræða safngrip eða grip sem fundist hefur við fornleifarannsókn skal fylla í þennan reit. Ef um grip í einkaeigu er að ræða þarf ekki að fylla í reitinn.

Tegund gripar: Hvers konar gripur er þetta t.d. bók, málverk, borðbúnaður osfrv

Höfundur: Hér skal skrá höfund gripar ef hann er þekktur, svo sem höfund bókar, listamaður osfrv

Lýsing á grip: Hér skal lýsa gripnum í fáeinum setningum.

Aldur: Ef aldur er þekktur skal skrá hann hér, einnig má setja áætlaðan aldur td. 1850-1900.

Uppruni: Hvaðan er gripurinn, íslenskur/erlendur, frá ákveðnum bæ/stað

Eigendasaga: hverjir eru fyrrverandi og núverandi eigendur gripsins

Heiti ljósmyndar: Skráarheiti ljósmyndar af viðkomandi grip, sem fylgir umsókn